

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. júní 2022
UST202205-010/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi - Nýi Skerjafjörður - Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörðinn í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur m.a. út á að svæði eru afmörkuð á uppdrætti fyrir tímabundin haugsvæði vegna geymslu á menguðum jarðvegi á meðan vinna við jarðvegshreinsun stendur yfir. Nyrðra haugsvæði er 2.500 m² reitur og syðra haugsvæði afmarkast af 7.500 m² reit. Samtals eru haugsvæðin 1 ha að stærð.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins dags. 16. október 2020 varðandi svæðið.¹

Jarðvegsrannsóknir

Í greinargerð kemur fram að við undirbúning deiliskipulags fór fram umfangsmikil jarðkönnun og mengunarrannsókn í jarðveg, en niðurstöður er að finna í skýrslu Eflu verkfræðistofnu „*Jarðkönnun og mengunarrannsóknir í Skerjafirði*“ dags. 29.1.2019. Auk þess kemur fram á bls. 27 að mengaður jarðvegur innan deiliskipulagssvæðis verður fjarlægður áður en uppbygging hefst eða hreinsaður og nýttur fyrir jarðmanir eða annarskonar landmótun sem samræmist landnotkun.

Varðandi rannsóknina, gerir Umhverfisstofnun annars vegar athugasemdir við að prófíll mengunarinnar var ekki metin og þekking á menguðum jarðvegi er einungis í plani, en ekki þykkt. Hins vegar gerir stofnunin athugasemdir við að ekki var athugað hvort PFAS efni væru í jarðvegi, efni sem koma m.a. frá slökkvifroðum slökkviliðs, en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að þessi efni séu skoðuð.

Framkvæmdir

Í greinargerð segir að heimilað er í skipulaginu að geyma jarðveg á framkvæmdatíma á afmörkuðu svæði innan deiliskipulagssvæðis, t.d. vegna loftunar eða hreinsunar, að því gefnu að tilskilin leyfi liggi fyrir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og frágangur sé með þeim hætti að íbúar og aðrir verði ekki fyrir ónæði. Heimildin gildir í takmarkaðan tíma meðan framkvæmdir standa yfir og skal vinna í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, sem gefur út starfsleyfi vegna slíkra svæða.

¹ <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Tillaga%20-%20breyting%20c3%a1%20a%20c3%b0alskipulagi%20Reykjav%20-%20202010%20-%20202030%20-%20Skerjafj%20b6r%20c3%b0ur.pdf>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hversu mikil jarðvegur verður grafin upp á skipulagssvæðinu,

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 14. gr. reglugerðar 1400/2020 er óheimilt að blanda menguðum jarðvegi saman við annan jarðveg með það að markmiði að lækka styrk mengandi efna í honum. Því er mikilvægt að mismunandi styrk mengunarefna sé haldið aðskildum við framkvæmd hreinsunaraðgerða.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út starfsleyfi fyrir uppgröft og meðhöndlun á menguðum jarðvegi skv. 19. lið, IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Landmótun

Umhverfisstofnun vill koma því á framfæri að jarðvegur sem notaður er í landmótun innan íbúðarsvæðis skal fylgja viðmiðunarmörkum í viðauka reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg samanber hámarksgildi fyrir landnotkun íbúðarsvæðis.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé í umhverfismati um áhrif hreinsunar og meðhöndlun á menguðum jarðvegi, þar sem m.a. eru skoðuð lyktarmengun vegna loftunar og möguleg áhrif á grunnvatn.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalstein Jónsson
teymisstjóri